



# Dalapósturinn

9. tölublað, 6. árgangur  
5. desember 2013


---

## Jólatré við Dalabúð

Þriðjudaginn 10. desember kl. 17:30 verður kveikt á ljósum jólatrésins við Dalabúð, á sama stað og í fyrra.

Búist er við komu jólasveina á svæðið. Að venju verður dansað og sungið.

Boðið verður uppá heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur í umsjón Vorboðans.



## Hundahreinsun

Hundahreinsun í Búðardal fer fram föstudaginn 13. desember nk. kl. 15-18 hjá dýralækni að Ægisbraut 19.

Hundahreinsun í dreifbýli fer fram samhliða garnaveikibólusetningu sauðfjár. Hundaeigendur í dreifbýli sem ekki eiga sauðfé eru beðnir um láta Gísla Sverri Halldórsson dýrarlækni vita af þeim hundum svo hægt verði að meðhöndla þá í sömu ferð.

Samkvæmt samþykkt um hundahald í Dalabyggð sætir hundahald í Búðardal takmörkunum. Eigendum hunda í Búðardal er skylt að skrá hunda sína á skrifstofu Dalabyggðar. Við skráningu ber hundeiganda að sýna váttryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundurinn sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll þau skilríki sem máli skipta.

Lausaganga hunda er óheimil í Búðardal og ekki má fara með þá inn í skólahús, leikvelli, skrifstofur, stofnanir, samkomuhús, verlanir eða starfstöðvar þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað. Eigendum hunda ber að sjá um að hundar þeirra raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Þá er og skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

Til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við skráningu og eftirlit með hundum í Búðardal skulu hundeigendur greiða árlega gjald til sveitarsjóðs.

---

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

---